



Skýrsla um sjálfsmat

Innra mat í Menntaskólanum að Laugarvatni

2019-2020

Freyja Rós Haraldsdóttir

September 2020

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Framhaldsskólapiðsinn haust 2019	4
3. Áfangamat haust 2019 og vor 2020	5
4. 5 ára stúdentar vor 2020	8
5. Stofnun ársins 2020	11
6. Umbótaáætlun v. innra mats 2019-2020	13

Tölur og myndir

Mynd 1 - Sjálfsmatsáætlun f. 2019-2020 [tók breytingum].....	2
Mynd 2 [tafla] – Niðurstöður áfangamats haust 2019 og vor 2020	6
Mynd 3 - 5 ára stúdentar og dvölin á heildina litið	9
Mynd 4 - 5 ára stúdentar og undirbúningur fyrir frekara nám.....	9
Mynd 5 - 5 ára stúdentar og staða í námsferli	10
Mynd 6 – Stofnun ársins - helstu niðurstöður	11

1. Inngangur

Sjálfsmatsnefnd annast innra mat skólans. Sjálfsmatsnefnd starfar samkvæmt reglugerð og vinnur eftir sjálfsmatsáætlun. Nefndin útfærir og leggur fyrir kannanir meðal nemenda, útskrifaðra stúdenta, foreldra og starfsfólk. Sjálfsmatsnefnd ML fundaði fjórum sinnum veturinn 2019-2020 og hafði þess á milli samskipti í tölvupósti og á Teams. Í nefndinni sátu:

- Freyja Rós Haraldsdóttir, verkefnastjóri gæðamála/formaður
- Elín Jóna Traustadóttir, verkefnastjóri upplýsingatækni
- Sigurður Pétursson, fltr. kennara
- Erla Þorsteinsdóttir fltr. annars starfsfólks
- Rebekka Rut Leifsdóttir fltr. nemenda
- Þorfinnur Freyr Þórarinsson fltr. nemenda
- Hildur María Hilmarisdóttir, fltr. foreldra

Samkvæmt sjálfsmatsáætlun 2017-2022 átti að leggja eftirfarandi kannanir fyrir:

2019-2020	
Haust 2019	Starfsfólk: Stjórnun; Skólameistari, áfangastjóri, matreiðslumeistari, húsbóndi Nemendur: Stjórnun; Skólameistari, áfangastjóri, kennarar, húsbóndi og vistarverðir Nemendur: Áfangamat
Vor 2020	Könnun meðal 5 ára stúdenta Nemendur: Áfangamat

Mynd 1 - Sjálfsmatsáætlun f. 2019-2020 [tók breytingum]

Hins vegar var það ákvörðun sjálfsmatsnefndar að endurskoða þau áform. Stjórnendakönnun var áætlað að gera, samkvæmt vinnuplani nefndarinnar fyrir þetta skólaár. Freyja og Elín Jóna fóru yfir spurningar og efni könnunarinnar og töldu að hún þjónaði litlum tilgangi á þessum tímapunkti. Kom þar tvennt til. Margt af því sem þar er spurt um kemur fram í könnun sem starfsfólk hefur svarað á hverju ári undir nafninu *Stofnun ársins*. Þá geri fámenni vinnustaðarins erfitt um vik að kanna afstöðu til húsbónnda og matreiðslumeistara sem yfirmanna. Auk þess var afstaða til þjónustu á heimavist og í mótuneyti skoðuð með ítarlegum hætti í þjónustukönnun haustið 2018. Nefndin sammæltist um að sérstök stjórnendakönnun væri óþörf og vildi fremur leggja áherslu á ítarlegri úrvinnslu og kynningu á niðurstöðum þeim sem koma fram í öðrum könnunum. Kannanir sem lagðar voru fyrir voru eftirfarandi:

1. Framhaldsskólapúlsinn, nóvember 2019
2. Áfangamat, nóvember 2019
3. Áfangamat, febrúar 2020
4. Stofnun ársins, febrúar 2020
5. 5 ára stúdentar, maí 2020

Þarna má sjá tvær kannanir, *Framhaldsskólapúlsinn* og *Stofnun ársins*, sem voru ekki framkvæmdar af skólanum/sjálfsmatsnefnd. Sjálfsmatsnefnd lítur svo á að **úrvinnsla** úr þessum vönduðu könnunum sé liður í innra mati skólans þó þær séu framkvæmdar af ytri aðilum.

2. Framhaldsskólapúlsinn haust 2019

Menntaskólinn að Laugarvatni tók þátt í framhaldsskólapúlsinum í þriðja sinn haustið 2019 eftir fjögurra ára hlé (síðast 2013 og 2014). Könnunin fór fram á netinu, opnaði 15. nóvember og stóð til loka mánaðarins. Hún var lögð fyrir í umsjónartímum og send ítrekun á póstlista nemenda. Svörun var 96,3%, sem er óvenju hátt svarhlutfall. Könnunin tekur á líðan nemenda og gæðum skólastarfsins, sem hvort tveggja eru lykilkættir í starfsemi Menntaskólans að Laugarvatni; Manngildi – Þekking – Atorka ([stefna skólans](#)).

Eins og lagt var upp með í byrjun skólaársins fór sjálfsmatsnefnd í ítarlega skoðun á niðurstöðum framhaldsskólapúlsins. Í stuttu máli má segja að vellíðan nemenda í framhaldsskólum hafi hrakað síðustu ár á landinu öllu og jafnvel enn meira í ML heldur en að meðaltali á landsvísu. Veldur það áhyggjum. Umræður urðu nokkrar um mögulegar ástæður þess að nábyli og nálægð í heimavistarskóla gæti valdið meira álagi heldur en í skólum þar sem nemendur fara hver í sína áttina að loknum skóladegi. Á móti kemur að félagsleg samheldni og persónuleg kynni nemenda innbyrðis og á milli nemenda og kennara ætti að leiða til betri útkomu í okkar skóla. Meðal þess sem kom jákvætt út fyrir ML var að viðhorf og hollusta gagnvart skólanum mælist há, fleiri telja sig eiga marga góða vini og samsömun við nemendahópinn góð. Það vakti athygli að svör nemenda í ML voru síður á jöðrunum þannig að í nokkrum tilfellum voru fleiri sem sögðu “frekar sammála” heldur en “mjög sammála” og fleiri sögðu “frekar ósammála” heldur en “mjög ósammála”. Það gat jafnast þannig út, sem dæmi, að hlutfall þeirra sem voru á jákvæðu hliðinni var svipað og á landsvísu, þó svörin í ML væru hófstiltari, ef svo má segja.

Niðurstöður Framhaldsskólapúlsins sýndu að kvíði og neikvæð upplifun svo sem einelti og áreitni voru hlutfallslega algengari hjá nemendum ML en að meðaltali yfir landið allt. Enn fremur töldu nemendur ML þeir fá minni stuðning frá kennurum en nemendur í öðrum skólum. Þegar niðurstöður eru túlkaðar verður að gæta að því að hver einstaklingur í ML telur hlutfallslega meira heldur en í stærri skólum svo sveiflurnar geta orðið meiri. Þetta kallaði á frekari umræðu og rýni innan skólans og útkoman úr því var umbótaáætlun v. innra mats sem fjallað er um í 6. kafla þessarar skýrslu. Skýrsla landlæknis [Geðrækt, forvarnir og stuðningur við börn og ungmenni í skólum á Íslandi – niðurstöður landskönnunar](#) nýttist í þessari vinnu. Í skýrslunni má sjá fordæmi fyrir margskonar aðgerðum og vinnulagi sem skólar viðhafa (í mismiklum mæli).

3. Áfangamat haust 2019 og vor 2020

Á fyrsta fundi sjálfsmatsnefndar í október vakti Freyja máls á máls á umræðum sem orðið hafa um galla við opnar spurningar í áfangamati, sem gerð er meðal nemenda á hverri önn. Þar geta nemendur komið fram nafnlaust með gagnrýni á kennara, sem oft er óvæginn og jafnvel meiðandi. Rætt var um nauðsyn þess að nemendur geti komið skoðun sinni á framfæri á námsefni og kennslu, en jafnframt að ýtt sé undir ábyrga hegðun þeirra í svörum, með breyttu orðalagi í spurningum.

Áfangamatið er lagt fyrir á Innu. Framsetningin var með eftirfarandi hætti haustið 2019 og vor 2020:

Vinsamlegast svarið eftirfarandi könnun fyrir hvern áfanga eftir bestu getu. Uppbyggileg gagnrýni er af hinu góða. Gætið þess að vera kurteis og málefnaleg. Munið að rökstyðja svörin.

1. Gefðu áfanganum í heild sinni einkunn á skalanum 1 – 10 (Krossaspurning)
2. Gefðu kennslunni í áfanganum einkunn á skalanum 1-10
3. Gefðu námsefninu í áfanganum einkunn á skalanum 1-10
4. Gefðu námsmatsaðferðum í áfanganum einkunn á skalanum 1-10. Þar sem 1 er slæmar aðferðir 10 góðar aðferðir
5. Hvernig meturðu vinnuálagið í áfanganum einkunn á skalanum 1-10. Þar sem 1 er lítið álag 10 mikið álag
6. Hvað finnst þér gott við áfangann (kennsluna, námsefni, námsmat, vinnuna) (Texti)
7. Gefðu kennaranum ráð um það sem þér finnst megi vera betra í áfanganum (kennslan, námsefni, námsmat, vinnan) (Texti)
8. Leggðu mat á hvernig þér finnst þú standa þig í þessum áfanga á skalanum 1-10 (Krossaspurning)
9. Hvers vegna gefurðu þér þessa einkunn? (Texti)

Til stóð að setja inn leiðbeiningar á eftir opnu spurningunum nr. 6, 7 og 9; (mundu að rökstyðja svar þitt). En þar sem Inna gefur ekki kost á að breyta spurningum nema búin sé til önnur könnun var ákveðið að leggja áherslu á þetta munnlega við nemendur, auk þess sem kynningartextinn var endurskoðaður (sjá framsetningu könnunarinnar hér fyrir ofan).

Enn fremur var lögð áhersla á að kennarar nálguðust áfangamatið með réttu hugarfari og það sérstaklega rætt á kennarafundi. Umfjöllun um áfangamat var sett inn í handbók kennara í ML og þar kemur fram hvernig beri að vinna úr niðurstöðum:

Þar sem könnunin er nafnlaus leyfa nemendur sér því miður stundum að vera ómálefnaleg og með persónulegar árásir á kennara. Kennarar mega treysta á fagmennsku sína og reyna að taka slíkt ekki nærri sér. Umræða við samstarfsfélaga getur verið góð leið til að vinna á uppbyggilegan hátt með niðurstöður áfangamats. Leitast er við að hafa samtal um áfangamatið í starfsmannaviðtali í kjölfar áfangamats en kennurum er einnig velkomið að koma að fyrra bragði til stjórnenda í spjall.

Áfangamat haustið 2019 fór fram í nóvember. Þótti nefndinni niðurstaðan vel viðunandi (sjá töflu hér fyrir neðan). Rætt var um viðbrögð og þeirri hugmynd varpað fram að skólameistari gefi kennurum kost á að ræða áfangamatið í einkaviðtali. Ákveðið var að leggja áfangamatið fyrir fyrr á vorönn til að útkoman nýttist kennurum betur.

Áfangamat vorið 2020 fór fram 12.-17. febrúar. Þ.e. áður en kennarar skiluðu miðannarmati þann 18. febrúar. Ekki opnað á niðurstöður fyrir kennara fyrr en þeir voru búnir að skila miðannarmati. Nefndarfolk taldi mikilvægt að forðast að miðannarmat (kennarar meta nemendur) og áfangamat (nemendur meta kennara) hefðu áhrif hvert á annað. Niðurstaða áfangamats á vorönn og haustönn er tekin saman í töflunni hér fyrir neðan. Reiknað var út meðaltal allra svara við hverri spurningu.

Matsþáttur/spurning	Haut 2019	Vor 2020
Gefðu áfanganum í heild sinni einkunn á skalanum 1-10	7,90	7,88
Gefðu kennslunni í áfanganum einkunn á skalanum 1-10	7,83	7,82
Gefðu námsefninu í áfanganum einkunn á skalanum 1-10	7,56	7,56
Gefðu námsmatsaðferðum í áfanganum einkunn á skalanum 1-10 þar sem 1 er slæm aðferð en 10 góð aðferð	7,75	7,73
Hvernig meturðu vinnuálagið í áfanganum með einkunná skalanum 1-10 þar sem 1 er lítið álag 10 mikið álag	6,11	5,85
Leggðu mat á hvernig þér finnst þú standa þig í þessum áfanga á skalanum 1-10	7,76	7,78

Mynd 2 [tafla] – Niðurstöður áfangamats haust 2019 og vor 2020

Sé horft til skólaársins þar á undan þá var meðaleinkunn áfanga í heild haustið 2018 8,0 en vorið 2019 var hún 7,6. Markmið 2 í [stefnumiðaðri áætlun ML til þriggja ára 2018-2021](#) er „að nemendum líði vel/betur í skólanum og á heimavistum.“ Einkunnagjöf nemenda í áfangamati var lögð til grundvallar sem mælikvarði og stefnt var að einkunninni 8,5 árið 2019 og 8,6 árið 2020. Þeim markmiðum var ekki náð og

sú staðreynd var rædd bæði á fundi sjálfsmatsnefndar og á kennarafundi. Var það mál manna að markmiðin í stefnuskjalinu séu ef til vill ekki eftirsóknarverð þegar allt kemur til alls. Horfa megi til þess að meðaleinkunn í kennslukönnunum í HÍ hefur verið 7,9 (óbirt rannsókn, niðurstöður kynntar á málþingi). Er hærri einkunn í svona mati endilega til marks um meiri gæði náms og kennslu? Við teljum að svo þurfi ekki að vera. Í sumum tilvikum eru persónubundnir þættir sem vega kennara upp (vinsældir). Ríkar kröfur og metnaðarfull verkefni (sem nemendur kunna stundum ekki að meta fyrir en eftirá) skila ekki endilega hærra mati. Spurningar úr framhaldsskólalápinum eru líklega betur til þess fallnar að meta hvort „nemendum líði vel í skólanum og á heimavistum“ og í umbótaáætlun v. innra mats 2019-2020 (sjá 6. kafla) eru unnið með þær niðurstöður.

Það er erfitt að meta ávinninginn af áfangamatinu en vonandi var tilgangi áfangamatsins náð (tekið úr handbók kennara):

- Tryggja/auka gæði kennslu
- Gefa nemendum færi á tjá sig og hafa áhrif
- Gefa kennurum færi á að heyra sjónarmið nemenda og bæta sig
- Gefa stjórnendum færi á að styðja við kennara ef þess virðist þörf


4. 5 ára stúdentar vor 2020

Eitt af markmiðum skólans er að undirbúa nemendur undir háskólanám og þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Hvernig skyldi fyrrverandi nemendum vegna fimm árum síðar? Og hvaða viðhorf hafa þau til Menntaskólans að Laugarvatni þegar þau horfa til baka?

Nafnlaus könnun var lögð fyrir nemendur sem útskrifuðust árið 2015. Hlekkur að könnuninni var sendur á fyrrum nemanda úr hópnum sem deildi honum í lokuðum facebook-hópi félaga sinna. Svör bárust frá 5. maí – 2. júní 2020. 18 svör bárust, 32 voru í útskriftarhópnum, sem gerir 56% svarhlutfall. 11 höfðu svarað í byrjun júní og 7 bættust við þegar send var ítrekun. 10 svarenda útskrifuðust af náttúrufræðibraut en 8 af félagsvísindabraut. Enn fleiri hefðu kannski svarað við frekari ítrekanir og það má hafa í huga fyrir næstu könnun að hefja fyrirlögn fyrr og ítreka oftar.


Svarendur voru beðnir um að nefna eitt til tvö atriði sem þau teldu að mætti bæta í ML, bæði varðandi námið og lífið á staðnum, sem og tvö atriði sem þau teldu hafa verið best við dvölinna. Margir nefna félagslífið og það blasir við að skólasamfélagið í heild sinni skiptir máli; vistin, umhverfið, kennararnir, þjónustan. Einn segir: „Dvölin í ML kenndi manni að umgangast fólk af virðingu og vera sjálfstæður bæði hvað varðar lífið og námið“ og annar: „Samfélagið í heild sinni, allir tilbúnir til þess að hjálpa við hvað sem er og það hvatti mig til þess að gera það sama. Að mæta öllum sem jafningjum sínum. Kenndi mér að vinna með öðru fólki og virða þarfir annara t.d. eins og á vistinni þegar einhver vildi vera í friði eða maður sjálfur vildi vera einn með sjálfum sér.“ [Skólabragurinn í ML](#) hefur löngum þótt góður og félagslífið öflugt. Fjölmargir viðburðir eru á ári hverju (m.a. á vegum [nemendafélagsins Mímis](#)) og það er upplifun að búa á heimavist.

Varðandi það sem mætti bæta þá komu fram óskir um meiri samgang á milli brauta, meira símat og aukaáfangi í stærðfræði. Síðan þessir nemendur útskrifuðust (2015) hefur þriggja ára kerfið og ný námskrá tekið gildi og framangreint efldist með þeim breytingum. Fyrstu nemendur í nýja kerfinu hófu nám haustið 2015 og útskrifuðust 2018. Einn svarenda nefnir einmitt styttinguna og segir „fjögur árin aftur fyrst og fremst“. „Upplýsa nemendur meira um möguleikana á svæðinu“ var annað svar en fleira kom ekki fram við þessari spurningu. Öllum svarendum fannst heildarupplifunin góð, 94% segjast mjög ánægð og 6% frekar ánægð (sjá skífurit á næstu síðu).




Mynd 3 - 5 ára stúdentar og dvölin á heildina litið

Það er í stefnu skólans að „veita góðan undirbúning fyrir frekara nám og atvinnulífið“. 45% segja að dvölin í ML hafi undirbúið þau mjög vel fyrir nám að loknu stúdentsprófi, 33% segja frekar vel og 22% segja hvorki vel né illa. Enginn svarenda var þeirrar skoðunar að dvölin í ML hafi undirbúið sig frekar eða mjög illa fyrir frekara nám. Áþekkar niðurstöður komu fram varðandi undirbúning fyrir störf.



Mynd 4 - 5 ára stúdentar og undirbúningur fyrir frekara nám

Þriðjungur svarenda (6) hefur lokið frekara námi eftir stúdentsprófið. 44% (8) eru enn í námi, 11% (2) hafa ekki byrjað en ætla í nám síðar og jafn margir segjast hafa byrjað í námi eftir stúdentspróf en séu hætt.




Mynd 5 - 5 ára stúdentar og staða í námsferli

Niðurstöður úr 5 ára könnuninni verða kynntar á fundi sjálfsmatsnefndar og á kennarafundi í haust.

5. Stofnun ársins 2020

Að venju var könnunin Stofnun ársins lögð fyrir starfsfólk ML. Niðurstöður lágu fyrir 20. maí og var deilt á póstlista starfsfólks. Heildarsamanburður var birtur en ekki röðun stofnana s.s. eftir stærðarflokkum. Það stendur til að gera í haust.

Könnunin var lögð fyrir í febrúar-apríl 2020. Svarhlutfall var 53% (20/38). Menntaskólinn að Laugarvatni kom afar vel út og voru niðurstöðurnar mjög álíka og í fyrra.



Mynd 6 – Stofnun ársins - helstu niðurstöður

Svarendur tóku afstöðu til fjölda fullyrðinga og hér verður rýnt í nokkrar þeirra. Ein lægsta einkunn stofnunarinnar var 3,55, við fullyrðingunni „Á mínum vinnustað starfar fjölbreyttur hópur einstaklinga (t.d. hvað varðar aldur, kyn, uppruna, kynhneigð eða trúar- eða lífsskoðun). Hlutfall karlkyns nemenda og starfsfólks hefur farið minnkandi á liðnum misserum. Stjórnendur, [jafnréttisnefnd](#), kynningarnefnd, skólanefnd og aðrir aðilar skólasamfélagsins eru vakandi fyrir þessu. Í hópi nýnema haustið 2020 voru innritaðir fleiri drengir en síðustu ár og í hóp kennara bættist einn karl.

Loftgæði fengu áfram heldur lága einkunn, 3,85. Miklar endurbætur á skólahúsnæðinu eru nú í undirbúningi í samstarfi við Fasteignir ríkisins þar sem meðal annars verður skipt um glugga, settar sólarfilmur á valda staði, auk loftrista til hliðanna sem eiga að auka loftflæði í rýmum í „gamla hlutanum“. Þá hitnar ekki eins mikið á

skrifstofum kennara og í kennslustofum á „tungumálaganginum“ þegar sólin skín. Vangaveltur um loftræstikerfi hafa líka verið uppi og þeir möguleikar verða ef til vill kannaðir nánar.

Niðurstöður varðandi launakjör eru eilítið niður á við (einkunn nú 4,25 og lækkaði um 0,05 á milli ára). Búið er að setja [jafnlaunastefnu](#) sem er liður í innleiðingu jafnlaunakerfis sem gæti haft góð áhrif t.d. varðandi það hvort fólk telji „laun starfsfólks ákveðin af sanngirni“

Ánægja með lýsingu er þökkaleg, en minnkar örlítið á milli ára og þar gætu verið tækifæri til bóta. Kannski eitthvað sem er tiltölulega einfalt og ódýrt að lagfæra. Hafin er samræða við öryggisnefndina um að rýna betur í þau mál. Ánægja með tölvu- og tækjabúnað fær einkunnina 4,39 (sem er allgott) en þau mál eru í stöðugri þróun. Ákveðið hefur verið að „fartölvuvæða“ kennara á yfirstandandi skólaári og koma fyrir svokölluðum dokkum í á vinnustofum og í framtíðinni líka í kennslustofum. Ánægja með matar- og kaffiaðstöðu er mikil (4,75) og eykst á milli ára. Nýr vatnshani, brauðgrill og ristavél komu sér vel í vor þegar kennarar þurftu að treysta meira á kaffistofuna við lokun mötuneytisins vegna Covid19.

„Mér finnst ég hafa næga yfirsýn yfir alla þá þætti sem krafist er af mér í starfi“ er ein fullyrðingin sem svarendur lögðu mat á. Þar var einkunnin 4,65 (nánast sama og fyrir ári). Móttaka nýs starfsfólks hefur verið eflað með verklagsreglu, kynningarefni og uppfærslu á handbók kennara. Með nýju gæðahandbókinni (EasyQuality) hafa skapast aukin tækifæri til að setja fram á skýran hátt leiðbeiningar, vinnulýsingar og gátlista. Svo er spurning hver áhrif Covid19 kann að hafa á þetta, þegar margir þurfa að aðlaga vinnubrögð á óvissutímum. Í ML er þó mikið og gott samstarf t.d. á milli kennara sem hjálpast að við tæknilausnir í fjarkennslu.

[Starfsmannastefna ML](#) kveður á um að unnið skuli stöðugt að jákvæðum starfsanda, tekið vel á móti nýju starfsfólki, viðhafðir góðir stjórnunarhættir o.fl. Könnunin Stofnun ársins er gott tæki til að meta hvernig það tekst til. Niðurstöður í heild sinni voru sendar á allt starfsfólk um leið og þær bárust í vor og kynntar á skólafundi fyrir allt starfsfólk í september 2020. [Starfsamannafélagið STAMEL](#) hefur verið öflugt síðustu ár og sem dæmi skipulagt haustferðir, jólahlaðborð, árshátíðarferðir og fleira.

6. Umbótaáætlun v. innra mats 2019-2020

Sjálfsmatsnefnd vann [umbótaáætlun](#) í lok skólaársins. Að þessu sinni var ákveðið að setja markmið í tengslum við niðurstöður Framhaldsskólapúlsins. Nefndin rýndi í niðurstöður á fundum og greindi hvar helst væri tilefni til úrbóta. Út frá þeim umræðum setti Freyja Rós fram drög að umbótaáætlun, (skv. [leiðbeiningum um innra mat framhaldsskóla](#)), uppástungur voru teknar til íhugunar og bætt við. Margar hugmyndir komu fram en lagt var upp með að greina hvað væri brýnast og raunhæfast að koma í framkvæmd. Lokaútgáfa umbótaáætlunarinnar var samþykkt af sjálfsmatsnefnd og að lokum lögð fyrir á svokölluðum verkefnastjórnarfundi sem skólameistari situr, ásamt fleirum.

Aðgerðirnar miða að því að bæta **líðan** (einelti; áreitni og ofbeldi) og **námsumhverfi** (samsömun við nemendahópinn; stuðningur kennara við nemendur):

Sex aðgerðir voru settar á dagskrá:

1. Umsjónarkennari hvers bekkjar [kynni áætlun um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi](#) í umsjónartímum. Sett í gátlista.
2. Fræðsla fagaðila fyrir nemendur [um einelti/góð samskipti]. A.m.k. fyrir fyrsta árið. Í samráði við lífsleiknikennara eða skipulagt á sal fyrir alla nemendur.
3. Námskeið – fyrir allt starfsfólk. Auka m.a. meðvitund um fagrað eineltismála.
4. Endurskoða námskrá í lífsleikni þannig kennsla í félags- og tilfinningafærni verði efl. Leggja til að þeirri kennslu fylgi eitthvað sem verður sýnilegt fyrir allan skólann.
5. Rýnihópaviðtal og umræður á póstlista kennara [um stuðning kennara við nemendur].
6. Setja fram viðmið [um stuðning kennara við nemendur] fyrir kennara og nemendur til að vinna eftir. Kynning á kennarafundi og í umsjónartímum.

Sjá nánar um tímasetningar, ábyrgðaraðila, endurmat og viðmið um árangur í [umbótaáætluninni](#) sjálfri á vefsíðu skólans. Allar aðgerðir eru í vinnslu (nr. 2, 3, 4, 5) eða þeim þegar lokið (nr. 1, 5). Umbótaáætlunin var kynnt á skólafundi fyrir allt starfsfólk í byrjun september 2020.